

## **REGLUGERÐ BTÍ UM GRAND PRIX MÓT**

### **1. grein**

Grand Prix mót eru opin mót í svonefndri Grand Prix mótaröð BTÍ og hafa meira vægi en venjuleg mót í styrkleikalista BTÍ. Grand Prix mótin eru þrjú til fimm á hverju keppnistímabili en auk þess er lokamót Grand Prix mótaráðarinnar þar sem þeir átta í karlaflokki og þær átta í kvennaflokki, sem náð hafa bestum árangri í Grand Prix mótum tímabilsins eigast við.

Á hverju móti fá keppendur stig í samræmi við það sæti sem þeir lenda í. Fyrsta sætið gefur átta stig, annað sætið gefur fjögur stig, 3.-4. sætið gefur tvö stig og 5.-8. sæti gefur eitt stig. Þeir átta sem fá flest stigin, annars vegar í karlaflokki og hins vegar í kvennaflokki, öðlast þátttökurétt á lokamótinu. Ef leikmenn hafa jafnmörg stig skal mótanefnd BTÍ draga um röð þeirra. Röðun á lokamótið ræðst af stigum fengnum á Grand Prix mótunum og raðast þannig á mótinu: Nr. 1 spilar við nr. 8, nr. 2 við nr. 7, nr. 3 við nr. 6 og nr. 4 við nr. 5.

Í næstu umferð leika svo sigurvegarar hjá nr. 1 og nr. 8 gegn sigurvegara nr. 4 og nr. 5 og sigurvegarar hjá nr. 3 og nr. 6 gegn sigurvegara nr. 2 og nr. 7. Mæti einhver boðaðra leikmanna ekki til leiks dettur hann úr töflu og leikmenn fyrir neðan hliðrast upp um sæti. Þá mega næstu leikmenn í röðinni sem ekki komust inn skipa neðstu sæti ef þeir eru á svæðinu tilbúnir til leiks og skal hlutkesti, sem fram fer fyrir boðun leikmanna á mótið, ákvarða röðina. Leikmenn skulu láta mótanefnd BTÍ vita um forföll sín eins fljótt og unnt er, svo mótanefnd geti boðað næstu leikmenn í röðinni til keppni.

### **2. grein**

Í meistaraflokki karla og kvenna skal leikinn einfaldur útsláttur, 4-7 lotur. Á Grand Prix mótunum, að undanskildu lokamóti Grand Prix mótaráðarinnar sbr. 1. grein, skal raða eftir styrkleikalista BTÍ. Keppnisvöllur skal vera í fullri stærð, a.m.k. 7\*14 metrar. Dómarar skulu vera á öllum leikjum. Allir leikir í meistaraflokki karla og kvenna skulu vera tímasettir fyrir upphaf móts.

### **3. grein**

Félagi, sem heldur Grand Prix mót, er skylt að tilkynna öllum íþróttadeildum fjölmiðla úrslit mótsins um leið og þau liggja fyrir.

### **4. grein**

Öll félög innan BTÍ geta sótt um að halda Grand Prix mót. Sækja skal um að halda Grand Prix mót fyrir 1. september fyrir komandi keppnistímabil. Mótin skulu að öllu jöfnu haldin á tímabilinu september til maí og lokamótið fer fram í apríl eða maí. Félög skulu miða við framangreinda mánuði í umsóknum sínum. Í umsóknum skal koma fram dagsetning fyrirhugaðs móts og önnur dagsetning til vara ef kostur er, keppnisstaður og hverjir haldi mótið. Mótanefnd skal svara umsóknum fyrir 10. september fyrir komandi keppnistímabil. Leitast skal við að Grand Prix mót skuli haldin af sem flestum félögum og skal mótanefnd gæta fyllsta jafnréttis í því sambandi.

### **5. grein.**

Mótanefnd BTÍ sér um lokamót Grand Prix mótaráðarinnar. Vegleg verðlaun skulu vera í boði.



## **Lög og reglugerðir BTÍ**

### **6. grein**

Reglugerð þessi öðlast gildi frá og með 1. febrúar 2009 og falla eldri reglugerðir um Grand Prix mót BTÍ þar með úr gildi. Samþykkt á aukafingi BTÍ þann 31. janúar 2009.

**Reglugerð um Grand Prix mót er í 6 greinum.**

**10.09.2017** Bætt var við niðurlagi 1. greinar: „Leikmenn skulu láta mótanefnd BTÍ vita um forföll sín eins fljótt og unnt er, svo mótanefnd geti boðað næstu leikmenn í röðinni til keppni.“

-Umsóknarfrestur í 4. grein var gerður 1. september í stað 1. ágúst. Svardagsetning var gerð 10 september í stað 1. september.

-Tímabili Grand Prix móta var breytt úr „október til mars“ í „september til maí“. Tímasetningu lokamótsins var breytt úr „apríl“ í „apríl eða maí“.